

Evrópusamband endurskoðenda (FEE)

Evrópusamband endurskoðenda, Fédération des Experts Comptables Européens (FEE) er samband endurskoðendafélaga í Evrópu. Innan vébanda FEE eru 43 aðildarfélög frá 32 löndum með samtals yfir 500.000 félagsmenn. Af þeim eru um 45% starfandi í faginu og veita víðtæka þjónustu til fyrirtækja og stofnana af ýmsum stærðum og gerðum. Hin 55% félagsmanna eru við ýmis störf í verslun, iðnaði, hjá hinu opinbera og í menntakerfinu.

Félögin á Norðurlöndum, hafa staðið sameiginlega að þátttöku í FEE, með því að standa saman að framboði í nefndir á vegum FEE. Þá hefur framkvæmdastjóri NRF á hverjum tíma haft það hlutverk að koma fram fyrir hönd allra félaganna gagnvart FEE.

FEE er málsvari fjölda sameiginlegra hagsmunamála endurskoðenda innan Evrópu. Má þar til dæmis nefna sérfræðiálit og samræmingu ýmiss konar sem tengist endurskoðun og skattamálum, en það hefur sýnt sig að talsverðan mun er að finna innan þessara málaflokka hjá Evrópuþjóðum.

Innan FEE starfa eftirfarandi 15 vinnuhópar eða nefndir.

Accounting	Auditing	Banks
Capital Markets	Company Law and Corporate Gov.	Direct Tax
Ethics	Financial Reporting Policy Group	Indirect Tax
Insurance	Qualification and Market Access	Public Sector Committee
SME/SMP	Sustainability	Sustainability Policy Group

Heimasíðu FEE má finna á netfanginu <http://www.fee.be> og eru endurskoðendur hvattir til að kynna sér heimasíðuna.